



LEI3B05

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Flosi Jón Ófeigsson

Netfang/netföng:

Flosi.ofeigsson@borgo.is

Lýsing:

Áfanginn gefur nemendum innsýn inn í fjölbreyttar miðlunarleiðir við sviðsetningu efnis. Unnið er með listræna og tæknilega þætti sýningar og ritun texta. Nemendur gera tilraunir með og sviðsetja eigin texta á fleiri en einn hátt með tilliti til miðils, markhóps og áhorfenda. Lögð er áhersla á að efla samvinnu hæfni nemenda og þeir þjálfaðir í að nota uppbyggilega gagnrýni í vinnuferli við að meta listræna þætti, eigið vinnuferli og annarra. Nemendur fá heildarsýn á vinnuferli við uppsetningu leikverks og setja sig um leið í spor áhorfenda.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemendur þekki leiðir til að aðlaga hugmynd að sértækum leiðum til flutnings. Þekki og noti upptökutækni og geti aðlagað leikgerð með tilliti til miðils (úr útvarpi/podcast/audiobook - á svið) Nemendur öðlist það sjálfstæði og sjálfsöryggi sem þarf til að skipa í hlutverk í vinnuferli og taki ábyrgð á því. Nemendur nota ákveðna stíltegund við skrif og í vinnu við leikgerð. Nemendur geti nýtt sér og beitt uppbyggilegri gagnrýni við vinnu í skapandi ferli.

Námsmat:

Símat, byggt á virkni og þátttöku í tímum, verkefnamat og lokasýning.

Einstaklingsverkefni 20%

Dagbók 15%

Virkni og þátttaka – 20%

Hópverkefni 45%

Nemendur **þurfa að ljúka öllum námsmatsþáttum til að útskrifast úr áfanganum.** Þetta þýðir að nemendur þurfa að skila öllum verkefnum og taka öll próf í áfanganum og fá að **meðaltali 5 samanlagt.**

Áfanginn er fimm einingar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um **tvær klukkustundir á viku.**

Námsgögn:

Námsgögn verða á INNU en að öðru leiti útveguð af kennara eða liggja fyrir á bókasafni skólans

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur kaupa leikhúsmiða á leiksýningar þegar hægt verður að fara aftur í leikhús. Farið er á leiksýningar á kvöldin og nemendur eiga umræður með kennara í tengslum við þær leikhúsfærðir. Kennsluáætlun getur tekið einhverjum breytingum eftir aðstæðum.

Gerð er krafa um að fjöldi almennra og óútskýrðra fjarvista fari ekki upp yfir 10. Námið byggir að miklu leyti á þjálfun í gagnrýnni hugsun og samtali um efnisþætti áfangans og því er nauðsynlegt að nemendur mæti mjög vel til að ná hæfnimarkmiðum áfangans. Fari fjöldi fjarvista yfir 10 verður nemandi vísað úr áfanganum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Hópefli	
2	26.-30. ágúst	Persónusköpun	
3	2.-6. sept.	Persónusköpun - Teikning	
4	9.-13.sept.	Persónusköpun - Kastljós	
5	16.-20.sept	Persónusköpun – Genderswap dagur	Vörðuvika I
6	23.-27. sept.	Handritsgerð - Kynning	
7	30.sept.- 4. okt.	Handritsgerð – Skrif	
8	7.-11. okt.	Handritsgerð - Sýning	
9	14.-18. okt.	Útvarpsleikhús – Skrif	
10	21.-23. okt.	Útvarpsleikhús – Klipping	Hausthlé
11	29. okt.-1. nóv.	Útvarpsleikhús – klipping - sýning	
12	4.-8. nóv.	Útvarpsleikhús - Sýning	Vörðuvika II.
13	11.-15. nóv.	Sviðsleikhús – Æfingar	
14	18.-22. nóv.	Sviðsleikhús – Æfingar	
15	25.-29. nóv	Sviðsleikhús – Æfingar	
16	2.-6. des.	Sviðsleikhús – Sýning	
17	9.-12. des	Einkunnaskil- Óhefðbundin dagskrá	Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.